



Fornleifavernd  
ríkisins



Ársskýrsla 2004

## Efnisyfirlit

<b>Ávarp forstöðumanns</b>	<b>3</b>
<b>Hlutverk</b>	<b>5</b>
<b>Umhverfismat</b>	<b>7</b>
<b>Skipulagsmál</b>	<b>9</b>
<b>Fornleifarannsóknir</b>	<b>11</b>
<b>Friðlýstar fornleifar</b>	<b>15</b>
<b>Kirkjuminjar</b>	<b>17</b>
<b>Samstarf</b>	<b>19</b>
<b>Verkefni minjavarða</b>	<b>21</b>
<b>Fjármál</b>	<b>25</b>
<b>Útgáfa og miðlun</b>	<b>27</b>
<b>Starfsstöðvar og starfsfólk</b>	<b>29</b>



Við Stöng í Þjórsárdal

## Ávarp forstöðumanns

---

Árið 2004 var mjög farsælt fyrir starfsemi Fornleifaverndar ríkisins. Á árinu fluttu starfsstöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi vestra í nýtt húsnæði, merkar minjar sem tilheyrðu konu frá víkingaöld fundust við Vestdalsvatn upp af Seyðisfirði, vinna hófst við stefnumörkun í fornleifavernd og styrkur fékkst frá menntamálaráðuneytinu til að laga aðgengi að Snorralaug í Reykholti.

---

Samkvæmt 2. gr. þjóðminjalaga 107/2201 ber forstöðumanni Fornleifaverndar ríkisins og þjóðminjavörð að starfa saman að mörkun stefnu og gerð langtíma-áætlunar um þjóðminjavörsluna í heild. Þjóðminjavörður hafði lokið gerð sinnar stefnu og í lok ársins 2004 hófst vinna við gerð stefnu í fornleifavernd undir stjórn Fornleifaverndar ríkisins. Sólveig Georgsdóttir þjóðfræðingur var ráðin til að stýra verkefninu. Auk hennar sátu í stýrihópi Ragnheiður H. Þórarinsdóttir sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins.

Starfsstöð Fornleifaverndar ríkisins á höfuðborgarsvæðinu og Húsafríðunarfnd ríkisins fluttu saman í húsnæði í eigu Fasteigna ríkisins að Suðurgötu 39 í Reykjavík. Við það rýmkaðist mjög um starfsemi Fornleifaverndar en stofnunin hefur til umráða neðri hæð hússins og helming kjallara.

Í júlí rákust tveir Austfirðingar, þeir Ágúst Borgþórsson og Unnar Sveinlaugsson, á fornar nælur á ferð sinni á Vestdalsheiði og létu minjayfirvöld vita af fundinum. Fornleifavernd ríkisins sendi minjavörð á staðinn og reyndist um að ræða einn merkasta fornleifafund hérlendis á síðari árum, eins og fram kemur hér síðar í skýrslunni. Fornleifaverndin er þakklát þeim félögum fyrir að þeir brugðust rétt við og létu yfirvöld strax vita af fundinum.

Verkefni stofnunarinnar árið 2004 voru mörg og fjölbreytileg. Veitt voru 37 leyfi til fornleifarannsóknna á 67 stöðum. Leyfi vegna vísindarannsóknna voru 27 og 10 vegna framkvæmda. Umsagnir vegna skipulagsmála reyndust vera 114 og 34

vegna umhverfismats. Auk fjölda eftirlits- og vettvangsskoðunarferða sinntu starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins nokkrum uppgrafarverkefnum. Þeirra helst var rannsókn á minjum konu frá víkingaöld sem fannst á Vestdalsheiði en auk þess voru gerðar minni rannsóknir til að meta umfang og eðli minja að Hálsi við Kárahnjúka og Flókatóftum á Barðaströnd. Í lok ársins fengum við ánægjulega heimsókn starfshóps á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem vinnur að mótun verkefnis um menningarmenningar á Norðurslóðum.

Fornleifavernd ríkisins er í samstarfi við ýmsa aðila og meðal þess sem stofnunin, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og ferðamálafulltrúi uppsveita Árnassýslu stóðu fyrir var svokölluð goslokahátíð að Stöng í Þjórsárdal þann 11. nóvember þar sem íbúar svæðisins og þingmenn voru saman komnir og áttu saman góða stund við frásagnir og söng.



---

Kristín Huld Sigurðardóttir





Við Hrísbú í Mosfellsdal

---

## Hlutverk

Markmið þjóðminjalaga og hlutverk Fornleifaverndar ríkisins er að tryggja eftir fönnum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af þeim og greiða fyrir rannsóknum.



Fornleifavernd ríkisins er stjórnsýslustofnun sem heyrir undir menntamálaráðherra. Stofnunin er staðsett á fimm stöðum; á Suðurgötu 39 í Reykjavík, Stykkishólmi, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum.



Helstu verkefni stofnunarinnar eru þessi:

- Eftirlit með fornleifum, fornleifarannsóknum og gripum í kirkjum landsins
- Leyfisveitingar vegna allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna
- Stefnumörkun vegna skráningar fornleifa, minningarmarka og kirkjugripa
- Umfjöllun og leyfisveitingar vegna förgunar fornleifa
- Umfjöllun og leyfisveitingar vegna flutnings og förgunar kirkjugripa
- Friðlýsing fornleifa, minningarmarka og kirkjugripa
- Merking friðlýstra fornleifa
- Umsagnir vegna skipulagsvinnu og umhverfismats
- Umsagnir vegna friðunar og breytinga á húsum
- Ráðgjöf um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja
- Ráðgjöf vegna skráningar, rannsókna og varðveislu fornleifa
- Leiðbeiningar vegna kostnaðaráætlana og framkvæmda rannsóknarverkefna
- Útboð vegna fornleifarannsókna
- Útgáfa skráa um friðlýstar fornleifar, kirkjugripi og minningarmörk
- Stefnumörkun þjóðminjavörslunnar í samvinnu við þjóðminjavörð

Fornleifavernd ríkisins starfar samkvæmt *þjóðminjalögum* nr. 107/2001, ákvæðum í lögum um *flutning menningarverðmæta til annarra landa* nr. 105/2001 og lögum um *húsafriðun* nr. 104/2001.



Á Hellsheiði

---

## Umhverfismat

Menningarminjar eru einn þeirra þátta sem teknir eru til skoðunar í umhverfismati. Fornleifavernd ríkisins er umsagnaraðili um menningarminjar í umhverfismati.

Markmið laga um umhverfismat er m.a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Stofnunin veitir Skipulagsstofnun umsögn um hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt um menningarminjar í matsferlinu, tilgreinir hvað þarf að kanna frekar og bendir á mögulegar mótvægisáðgerðir, séu minjar á framkvæmdasvæði.

Skráðar upplýsingar um fornleifar eru forsenda þess að Fornleifavernd ríkisins geti veitt Skipulagsstofnun umsagnir. Skráning fornleifa hefur aðeins farið fram á litlum hluta landsins og því er algengt að skrá þurfi fornleifar vegna framkvæmda sem eru umhverfismatsskyldar.



Umsagnir eru unnar í höfuðstöðvum Fornleifaverndar í Reykjavík í samvinnu við minjaverði á viðkomandi svæðum. Kristinn Magnússon hefur yfirumsjón með málaflokknum hjá Fornleifavernd ríkisins.

Árið 2004 voru veittar 23 umsagnir um umhverfismatsskyldu framkvæmda og 11 umsagnir um umhverfismat. Skiptingu fjölda umsagna eftir landshlutum má sjá á töflu 1 og töflu 2.

Tafla 1

Umsagnir um umhverfismat 2004	
Vesturland og Vestfirðir	1
Norðurland vestra	2
Norðurland eystra	1
Austurland	2
Suðurland	1
Reykjanes	2
Reykjavík	2

Tafla 2

Umsagnir um umhverfismatsskyldu 2004	
Vesturland og Vestfirðir	4
Norðurland vestra	3
Norðurland eystra	6
Austurland	2
Suðurland	1
Reykjanes	7
Reykjavík	0





Flókatóftir

---


## Skipulagsmál

Samkvæmt Þjóðminjalögum 2001/107 skal skrá fornleifar vegna svæðisskipulags, aðalskipulags, deiliskipulags eða endurskoðun þess. Þetta er gert til að tryggja að tekið sé tillit til fornleifa við skipulagsgerð og við framkvæmdir.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands viðkomandi sveitarfélags. Í aðalskipulagi setur sveitarstjórn fram stefnu sína um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu til minnst 12 ára.

Deiliskipulag nær til einstakra svæða innan sveitarfélags og er nánari útfærsla á aðalskipulagi. Það er lagalegur grundvöllur fyrir útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa og er ætlað að tryggja réttaröryggi og gæði manngerðs umhverfis í þéttbýli og dreifbýli. Ákvarðanir í deiliskipulagi skulu teknar með lýðræðislegum hætti í samráði við almenning og aðra hagsmunaaðila.

Fornleifaskráning er heimilda- og vettvangs-könnun á fornleifum, lýsing á ástandi og gerð fornleifanna, aðstæðum og staðsetningu ásamt mati á aldri, hlutverki og tegund. Því fyrr sem fornleifaskráning fer fram því auðveldara er að taka tillit til fornleifanna við skipulag og framkvæmdir. Brynt er því að sveitarfélög hafi lokið við skráningu á framkvæmdarsvæðum strax á aðalskipulagsstigi.



Yfirumsjón með skipulagsmálum hefur Agnes Stefánsdóttir.

Árið 2004 voru veittar 15 umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun þess (sjá töflu 3). Aðalskipulag er langtímaáætlun sveitarfélaga og því ekki þess að vænta að mörg aðalskipulagsmál komi til umsagnar Fornleifa-verndar á ári hverju. Aftur á mót komu fjölmörg deiliskipulagsmál til umsagnar Fornleifa-verndar eða 99 talsins. Mikill munur er á milli minjasvæða (sjá töflu 4) en það má að miklu leyti rekja til þess að vinna við aðalskipulag er skammt á veg komin á sumum svæðum auk þess sem tölverður munur er á fjölda framkvæmda eftir svæðum. Vert er að benda á fjölda mála af Suðurlandinu en þar er enginn minjavörður starfandi.

Tafla 3

Umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun aðalskipulags 2004	
Vesturland og Vestfirðir	3
Norðurland vestra	0
Norðurland eystra	2
Austurland	1
Suðurland	5
Reykjanes	4
Reykjavík	0

Tafla 4

Umsagnir um deiliskipulag og byggingarreiti 2004	
Vesturland og Vestfirðir	47
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	2
Austurland	4
Suðurland	33
Reykjanes	12
Reykjavík	0



Uppgröftur við Hrísbú

---

## Fornleifarannsóknir

Enn fjölgar fornleifarannsóknum á Íslandi. Fornleifavernd ríkisins veitti 37 leyfi til fornleifarannsókna árið 2004. Flest þessara leyfa voru veitt til hreinna vísindarannsókna eða 26. Ellefu rannsóknir voru svokallaðar neyðarrannsóknir vegna ýmis konar framkvæmda svo sem bygginga og vegagerðar.

**1. Rúst nr. GK-216:008 í Kópavogi.** Rannsókn vegna framkvæmda. Könnunarskurður í rúst sem þarf að fjarlægja. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson fil.dr., Fornleifafræðistofan ehf.

**2. Rústir nr. 60 í Innri Njarðvík, Reykjanesbæ.** Rannsókn vegna framkvæmda. Könnunarskurðir í rústir sem gæti þurft að fjarlægja vegna framkvæmda. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson fil.dr., Fornleifafræðistofan ehf.

**3. Hrísrú og Leirvogur, Mosfellsbæ.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á kirkju og kirkjugarði á Kirkjuhól auk minja í Hulduhól á bænum Hrísrú í Mosfellsdal. Sýnataka og skráning minja í Leirvogi þar sem mögulega var höfn Mosfellinga. Stjórnandi Jesse Byock, Ph.D., Cotsen Institute of Archaeology, UCLA.

**4. Hofstaðir, Skútustaðahreppi.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á kirkjugarði frá miðöldum. Stjórnandi Hildur Gestsdóttir, M.Sc., Fornleifastofnun Íslands Ses.

**5. Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á rústum nunnuklaustursins í Kirkjubæ á Síðu. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson Fil.dr., Fornleifafræðistofan ehf.

**6. Skálholt, Bláskógabyggð.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði biskupssetursins á Skálholti. Stjórnandi Mjöll Snæsdóttir fil.kand., Fornleifastofnun Íslands Ses.

**7. Þingnes við Elliðavatn á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur.** Framhaldsrannsókn, liður í þjálfun nemenda í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Rannsókn á meintum þingstað Kjalarnessþings. Stjórnandi Guðmundur Ólafsson fil.kand. Þjóðminjasafn Íslands.

**8. Búland og Eystri-Ásar, Skaftártunguhreppi.** Forrannsókn á kirkjugörðum frá tíma Skaftárelða og móðuharðinda til að leggja mat á varðveislu beina. Stjórnandi Hildur Gestsdóttir M.Sc., Fornleifastofnun Íslands Ses.

**9. Eyðibýlið Salthöfði, Fagurhólsmýri í Örafum, Sveitarfélaginu Hornafirði.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði, hreinsað frá minjum. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson fil.dr., Fornleifafræðistofan ehf.

**10. Höfðagerði, Núpar, Húsavíkurbæ.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði í byggð frá landnámsöld fram á miðaldir. Stjórnandi Oscar Aldred M.A., Fornleifastofnun Íslands Ses.

**11. Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði Vatnsfjarðar. Stjórnandi Ragnar Edvardsson MA/M.Phil., Fornleifastofnun Íslands Ses.

**12. Hrísheimar í landi Baldursheims, Skútustaðahreppi.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði. Stjórnandi Ragnar Edvardsson, M.A./M.Phil., Fornleifastofnun Íslands Ses.

**13. Þingvellir, Bláskógabyggð.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á þingstað. Stjórnandi Adolf Friðriksson M.Phil., Fornleifastofnun Íslands Ses.



**14. Reykholt í Borgarfirði, Borgarfjarðarsveit.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á kirkju. Stjórnandi Guðrún Sveinbjarnardóttir Ph.D., Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifastofnun Íslands Ses.

**15. Arnarnesland, Akraland, Garðabæ.** Rannsókn vegna framkvæmda. Prufuskurðir á fjórum mögulegum minjastöðum til þess að kanna aldur, eðli og umfang minjanna. Stjórnandi Ragnheiður Traustadóttir fil.kand., Bygðasafni Skagfirðinga.

**16. Breiðabólstaður í Reykholtssdal og Stóri Dalur í Eyjafjallahreppi.** Teknir borkjarnar á báðum stöðum til að staðsetja ruslahauga. Ef þeir finnast verða gerðir litlir könnunarskurðir. Rannsóknirnar eru liður í stóru rannsóknarverkefni sem heitir: "Landscapes circum landnám: Viking settlement in the North Atlantic and its human and ecological consequences" sem styrkt er af Leverhulme Trust í Englandi. Stjórnandi: Guðrún Sveinbjarnardóttir Ph.D., University College London og Þjóðminjasafni Íslands.

**17. Reykholtssel í Kjarrdal.** Meistaraprófsverkefni Óðins Haraldssonar í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Seljabúskapur á miðöldum og fyrri hluta nýaldar. Teknir verða prufuskurðir en sneitt framhjá þeim rústum sem sjást á yfirborði. Stjórnandi Orri Vésteinsson Ph.D. lektor við Háskóla Íslands og Guðrún Sveinbjarnardóttir Ph.D., University College London.



**18. Minjar við Byggjarðsvör á Seltjarnarnesi.** Forrannsókn þar sem kanna á hlutverk og aldur valinna mannvirkjaleifa vegna áforma Seltjarnarnesbæjar um viðhald og uppbyggingu minja á staðnum sem tengjast sjósókn. Stjórnandi: Margrét Hermanns Auðardóttir fil.dr., Reykjavíkur Akadémían.

**19. Skriðuklaustur í Fljótsdal.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á gerð og uppbyggingu munkaklausturs. Stjórnandi: Steinunn Kristjánsdóttir fil.mag., Reykjavíkur Akadémían.

**20. Gásir í Eyjafirði.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á verslunarstað frá miðöldum ásamt kirkju og kirkjugarði. Stjórnandi: Howell M. Roberts B.A., Fornleifastofnun Íslands.

**21. Suðurgata, Vonarstræti og Túngata, Reykjavík.** Rannsókn vegna framkvæmda. Eftirlit með framkvæmdum og nauðsynlegar fornleifarannsóknir af þeirra sökum við Suðurgötu norðan Hringbrautar, Vonarstræti vestan Tjarnargötu, Túngötu austan Garðastrætis og framan við Herkastala á mótum Aðalstrætis, Kirkjustrætis og Túngötu. Stjórnandi: Adolf Friðriksson M.Phil., Fornleifastofnun Íslands.

**22. Nesstofa Seltjarnarnesi.** Eftirlit með prufuholugreftri við Nesstofu. Margrét Hermanns Auðardóttir fil.dr., Reykjavíkur Akadémían.

**23. Möðruvellir í Eyjafirði.** Rannsókn vegna framkvæmda. Sniðskurður í garð við fyrrihugað vegarstæði í landi Möðruvalla. Stjórnandi: Howell M. Roberts B.A., Fornleifastofnun Íslands.

**24. Eiríksstaðir í Haukdal.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á jarðhúsi frá 10. öld. Stjórnandi: Guðmundur Ólafsson fil. kand., Þjóðminjasafn Íslands.

**25. Hólar í Hjaltadal.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á biskupsstólum Hólstað. Stjórnandi: Ragnheiður Traustadóttir fil.kand., Hólaskóli, Þjóðminjasafn Íslands, Bygðasafn Skagfirðinga.

**26. Sveigakot í landi Grænavatns í Mývatnssveit.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarstæði kotbýlis frá miðöldum. Stjórnandi: Orri Vésteinsson Ph.D., Háskóli Íslands, Fornleifastofnun Íslands.

- 27. Fornbýli í Vesturdal, Austurdal og á Öxnadalsheiði í Skagafirði.** Prufuskurðir á 8 fornbýlum. Stjórnandi: Guðný Zoëga M.Sc., Byggðasafni Skagfirðinga. Áætlaður rannsóknartími júlí/ágúst.
- 28. Kárahjúkar, fjórar rústir sem fara undir Háslón.** Rannsókn vegna framkvæmda. Stjórnandi: Garðar Guðmundsson B.Sc., Fornleifastofnun Íslands Ses.
- 29. Kúvíkur við Reykjarfjörð syðri í Stranda-sýslu.** Rannsókn á öskuhaugum. Stjórnandi: Gavin Lucas Ph.D., Fornleifastofnun Íslands Ses.
- 30. Kolagrafir í Suður-Þingeyjarsýslu.** Athugun á kolagröfum á heiðum í Suður-Þingeyjarsýslu. Stjórnandi: Orri Vésteinsson Ph.D., Háskóli Íslands, Fornleifastofnun Íslands Ses.
- 31. Kuml.** Rannsókn á meintum og mögulegum gröfum úr heiðni á allt að 20 stöðum víðs vegar á landinu. Stjórnandi: Adolf Friðriksson M.Phil., Fornleifastofnun Íslands Ses.
- 32. Eyri á Ísafirði.** Framhaldsrannsókn. Rannsókn á bæjarhól. Stjórnandi: James Stuart Taylor M.A., Fornleifastofnun Íslands Ses.
- 33. Búðarárþakki og Búðarártunga í Hruna-mannahreppi.** Rannsókn vegna framkvæmda. Rannsókn á meintum eyðibýlum. Stjórnandi Bjarni F. Einarsson, fil.dr., Fornleifafræðistofan ehf.
- 34. Reykir í Ólafsfirði.** Rannsókn vegna framkvæmda. Rannsókn á túngarði og þremur tóftum sem lenda undir fyrirhuguðu vegarstæði á Lágheiði í landi Reykja. Stjórnandi: Oscar Aldred, M.A., Fornleifastofnun Íslands Ses.
- 35. Dys í landi Galtarár í Kollafirði, Reykhóla-hrepp.** Rannsókn vegna framkvæmda. Stjórnandi: Ragnar Edvardsson, M.A./M.phil., Fornleifastofnun Íslands Ses.
- 36. Hvolsvöllur, rúst 255:50.** Rannsókn vegna framkvæmda. Könnunarskurður í óþekkta þúst. Stjórnandi: Guðrún Alda Gísladóttir, M.A., Fornleifastofnun Íslands Ses.
- 37. Rúst Fjalla-Eyvindar og Höllu í Þjórsár- verum.** Könnunarskurður. Stjórnandi: Steinunn Kristjánsdóttir, fil.mag. Reykjavíkúrákademían.





Núpar

---

## Friðlýstar fornleifar

Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar en einungis hluti þeirra hlýtur eða hefur hlotið friðlýsingu. Samkvæmt þjóðminjalögum teljast allar minjar sem eru 100 ára og eldri til fornleifa. Fornleifavernd ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýsa. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis friðlýstu minjanna en einnig má friðlýsa samfelld svæði.

Saga friðlýsinga á sér nokkuð langa sögu á Íslandi. 19. apríl 1817 voru fyrstu fornleifarnar friðlýstar með kansallíbréfi. Þar af voru þrjár minjastaðir, Borgarvirki í Víðidal, dómhringur á Þingvöllum og Snorralaug í Reykholti. Þessi friðun var gerð að frumkvæði nefndarinnar Commissionen for oldsagers opbevaring. Í grein Ágústs Ólafs Georgssonar "Könnun um friðlýstar fornleifar" sem birtist í *Ljóra* árið 1984 segir að strax eftir setningu fornminjalaga árið 1907 hafi svo þjóðminjavörður hafist handa við að búa til skrá yfir fornleifar sem vert væri að friða sérstaklega. Það var þó ekki fyrr en árið 1926 að formlegar friðlýsingar fornleifa hófust. Friðlýsingin taldist frá þinglýsingardegi og var landeigendum og ábúendum kunnert um hana með sérstöku skjali. Þar landeiganda að varðveita friðlýsingarskjalið og sjá um, að ábúanda væri jafnan kunnugt um friðlýsinguna. Matthías Þórðarson, fyrsti þjóðminjavörðurinn, friðlýsti stóran hluta þeirra fornleifa sem friðlýstar hafa verið. Hann byggði margar þessara friðlýsinga á lýsingum sem eldri fornfræðingar höfðu gert, svo sem Sigurður Vigfússon, Brynjólfur Jónsson og Kristian Kálund. Helsta markmið þeirra með rannsóknum sínum var að finna staði sem tengja mætti við fornsögurnar. Þessi áhersla á sögustaði Íslendingasagna hefur verið gagnrýnd og síðar hefur fremur verið leitast við að friðlýsa fjölbreyttari minjastaði.

Friðlýsingum fornleifa hefur fækkað til muna síðustu áratugi sem má að öllum líkindum rekja til þess að árið 1989 voru sett ný lög sem friðuðu allar minjar, 100 ára og eldri, en það dró úr þörfinni á sérstakri friðlýsingu. Með þessum nýju lögum 1989 var einnig ákvæði þess efnis að gefa skyldi út skrá um friðlýstar fornleifar og skyldi endurskoða hana á þriggja ára fresti. Þetta ákvæði er einnig að finna í núgildandi þjóðminjalögum. Árið

1990 kom út *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar* sem Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Í skránni er upptalning á friðlýstum minjastöðum eftir jörðum og sýslum, sú lýsing sem kemur fyrir í friðlýsingaskjalinu sjálfu, auk vísunar í þær heimildir sem friðlýsingin byggðist á. Þeir sem unnu að skránni gerðu sér strax grein fyrir annmörkum á þessari skrá og var litið svo á að þetta væri einungis fyrsti áfanginn í frekari skráningu. Enn hefur þó ekki komið út önnur heildarskrá en unnið er stöðugt að úttektum á friðlýstu minjastöðunum en stefnt er að því að gefa út veglega skrá fyrir hverja sýslu í líkingu við úttekt Guðmundar Ólafssonar á friðlýstum fornleifum í Borgarfjarðarsýslu. Árið 2004 skoðuðu starfsmenn Fornleifaverndar 25 friðlýsta minjastaði í þeim tilgangi að meta ástand minjanna. Á suma staði verður að fara oft en einu sinni því það er mikill ábyrgðarhluti að taka fornleifar af friðlýsingaskrá og vanda þarf því til verka. Vegna jarðskjálfta sem urðu á Suðurlandi árið 2000 ákvað forsætisráðuneytið að veita fjárstyrk til að gera úttekt á skemmdum sem orðið hefðu á manngerðum hellum á Suðurlandi og til viðgerða á þeim. Agnes Stefánsdóttir og Kristinn Magnússon gerðu úttekt á 27 friðlýstum hellum á árinu 2003 en skýrsla um þetta verkefni kom út árið 2004.







Minningarmörk á Álftanesi

## Kirkjuminjar

Samkvæmt þjóðminjalögum 2001/107 skal Fornleifavernd ríkisins halda nákvæmar skrár yfir minningarmörk og friðlýsa þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem talið er rétt að vernda vegna sögulegs eða listræns gildis. Minningarmörk eru þau verk í kirkjugörðum sem ætluð eru til að halda minningu hins látna á lofti, s.s. legsteinar, járnkrossar o.fl. Fornleifavernd veitir einnig kirkjugarðsstjórnnum eða sóknarnefndum ráðgjöf um varðveislu kirkjugripa og minningarmarka sem og annarra menningarminja.

Yfirumsjón með þessum málaflokki hjá Fornleifavernd ríkisins hefur Gunnar Bollason verkefnastjóri.

Árið 2004 vann verkefnisstjóri að gerð flokkunarskýrslu um minningarmörk og umgjarðir þeirra í Hólavallagarði.

Stór hluti vinnu verkefnastjóra árið 2004 fór í ritstörf, úttektir og vettvangsferðir fyrir ritröðina Kirkjur Íslands. Verkefnastjóri ritaði um minningarmörk í eftirfarandi kirkjugörðum í Skagafirði: Hofstaðir, Keta, Hvammur, Reynistaður, Sauðárkrókur og Víðimýri. Þá ritaði verkefnastjóri einnig um minningarmörk í eftirfarandi kirkjugörðum í Húnavatnsprófastdæmi: Víðidalstunga, Breiðabólstaður, Kirkjuhvammur, Kollfjarðarnes, Staðarbakki, Staður í Hrutafirði, Staður í Steingrímsfirði og Vesturhóps-hólar.



Verkefnastjóri hefur yfirumsjón með framkvæmd á hinum árlega evrópska menningarminjadegi á Íslandi og var fulltrúi Fornleifaverndar á ársfundi um menningarminjadaginn hjá Evrópuráðinu í Strassbourg.

Á árinu vann verkefnastjóri einnig að greinargerð fyrir fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma um Sturlugrafhýsið í Hólavallagarði. Þá var hafin undirbúningsvinna vegna gerðar skilta í Hólavallagarð.

Verkefnisstjóri vann auk þess að ýmsum verkefnum sem upp komu hjá stofnuninni, svo sem uppfærslu á heimasíðu og öðru þess háttar.



Á Grænlandi

---

## Samstarf

Fornleifavernd ríkisins hefur unnið að því að efla tengsl við erlendar stjórn-sýslustofnanir á sviði fornleifaverndar og auka samstarf við innlenda og erlenda aðila sem tengjast minjavörslu á einhvern hátt. Samstarfsverkefni eru mörg og fjölbreytileg.

Á árinu 2004 var meðal annars komið á samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um miðlun upplýsinga um fornleifar í Þjórsárdal. Byrjað var á því að betrubæta upplýsingaskilti við Stöng.

21. maí 2004 undirritaði forstöðumaður samning um staðarvarðarnám að Hólum í Hjaltadal. Að samstarfinu standa Byggðasafn Skagfirðinga, Fornleifavernd ríkisins, Hólaskóli, Háskólinn að Hólum, Húsafríðunarnefnd ríkisins og Þjóðminjasafn Íslands. Samstarfið felur í sér fræðslu og þjálfun fólks til móttöku g e s t á s ö g u s t ö ð u m o g menningarminjastöðum.

Fornleifavernd ríkisins og Háskóli Íslands hófu samstarf um kennslu fornleifafræðinema. Meðal annars var um að ræða námskeið í vettvangsforvörslu fyrir fornleifafræðinema og fór kennslan fram á vorönn 2004.

Landgræðsla ríkisins á jörðina Víðidal í Þingeyjarsýslu þar sem svokallaðar Biskupavörður standa. Um er að ræða friðlýstar fornleifar, steinahleðslur sem munnmælasögur segja að sveinar Hóla og Skálholtsbiskupa hafi reist. Landgræðslan ætlar að laga umhverfi varðanna og óskaði eftir samvinnu Fornleifaverndar ríkisins við að setja upplýsingaskilti við vörðurnar. Forstöðumaður og minjavörður Norðurlands eystra fór í vettvangsferð að skoða svæðið með Stefáni Skaftasyni frá Landgræðslunni.

Í desember 2004 gerðu Húsafríðunarnefnd ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands, Fornleifavernd ríkisins og Biskupsstofa með sér samstarfs-samning um ritið Kirkjur Íslands.

Fornleifavernd ríkisins tekur þátt, fyrir Íslands hönd, í skipulagningu á hinum evrópska menningarminjadegi, og fór starfsmaður Fornleifaverndar í því skyni til Strassbourg.

Fornleifavernd ríkisins tekur einnig þátt í norræna verkefninu "Skog og Kulturminder" og sat starfsmaður Fornleifaverndar á undirbúningsfundi fyrir verkefnið í Svíþjóð. Verk-

efnið byggir á að skoða laga- og reglumhverfi minjavörslu og skógræktar í hverju landi fyrir sig og gera síðan tillögur um hvernig hægt sé að bæta laga- og reglumhverfið og auka samvinnu milli minjavörslu og skógræktar.

Forstöðumaður Fornleifaverndar sat fund þjóðminjavarða Norðurlanda sem haldinn var í "Höga Kusten" í Svíþjóð. Þá sótti starfsmaður Fornleifaverndar fund í Osló á vegum norrænu þjóðminjavarðaembættanna sem fjallaði um tölvuskráningu minjastaða og miðlun upplýsinganna yfir netið. Sérstök áhersla var lögð á landfræðilegt upplýsingakerfi og möguleika þess.

Þá hélt áfram vinna við samstarfsverkefni Íslands, Noregs (Svalbarða) og Grænlands, á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarminjar á norðurslóð. Verkefnið fór af stað í árslok 2003 og stendur fram til ársins 2005. Markmið verkefnisins er að skilgreina og leggja mat á valin þjóðminjaverndarsvæði (kulturmiljör) á Íslandi, Grænlandi og Svalbarða út frá sameiginlegri sögu landanna á norðurslóð og jafnframt að leggja drög að verndaráætlun fyrir þessi svæði.





Á Vestfjörðum

---

## Verkefni minjavarða

---

Minjaverðir hafa umsjón með menningarminjum á minjasvæðinu og vinna að verndun þeirra, skráningu og kynningu og hafa með þeim eftirlit. Minjaverðir leitast við að kynna almenningi, sveitarstjórnnum, skipulagsaðilum og öðrum þeim er málið kann að varða, þjóðminjalög, reglugerðir og réttar stjórnsýsluleiðir varðandi umhverfismat og skipulagsmál. Mikilvægt er að minjaverðir séu í góðu samstarfi við sveitarfélög á svæðinu, ekki síst í tengslum við skipulagsmál, en minjavörður veitir aðstoð og upplýsingar í tengslum við skráningu og varðveislu fornleifa.

---

### Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða

Magnús A. Sigurðsson

Minjavörður Vesturlands hefur aðsetur í Stykkishólmi og leggur Stykkishólmsbær til húsnæði og hluta rekstrarfjár.

Árið 2004 bárust fjörtíu og sex deiliskipulagsmál inná borð til minjavarðar, og þar af aðeins eitt af Vestfjörðum, nánar til tekið á Reykhólum. Ekki barst neitt umhverfismásmál enda lítið um stórfelldar framkvæmdir í þessum landshluta.

Tveimur verkefnum á vegum Húsafríðunarnefndar ríkisins var sinnt, en það var vegna beiðni um niðurrif húsa á Akranesi og í Skilmannahrepp.

Í nóvember var haldinn kynningarfundur á Ísafirði ásamt minjaverði Norðurlands vestra og framkvæmdastjóra Fornleifaverndar ríkisins, þar sem heimamönnum voru kynnt áform um að minjaverðir Vesturlands/Vestfjarða og Norðurlands vestra skiptu með sér verkum á Vestfjörðum og þörfin á minjaverði á Vestfjörðum ítrekuð.

Minjavörður tók sæti í Breiðafjarðarnefnd í byrjun júlí 2000 sem fulltrúi Þjóðminjaráðs Íslands. Hann var síðan endurskipaður í nefndina um mitt ári 2004 sem fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins. Haldnir voru 10 fundir á árinu 2004, en töluverð vinna fer í að reyna að koma Verndaráætlun Breiðafjarðar í framkvæmd. Meðal annars er verið að koma á samstarfi milli Breiðafjarðarnefndar, Loftmynda ehf. og Örnefnastofnunar um að setja örnefni inná loftmyndir, og hófst það verkefni í lok ársins.

Haldið var áfram átaki í að endurmeta friðlýstar minjar árið 2003. Vegna anna voru þó ekki margar jarðir athugaðar. Endurmetnar voru 12 minjar á 7 jörðum, þar af voru 4 minjar

á 2 jörðum á Vestfjörðum og 5 minjar á 5 jörðum á Vesturlandi. Minjarnar voru myndaðar og hnitsettar. Búið er þá að meta á þennan hátt 91 minjar á af 278 á minjasvæðinu.

Á árinu voru sóttar tvær ráðstefnur/málþing, annars vegar farskóli Íslenskra safnamanna, og hinsvegar málþing um miðlun fornleifa sem haldið var í Reykholti.

Í september hóf undirritaður nám í notkun landupplýsingakerfa í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Fór töluverður tími í það um haustið

Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða fór í þriggja daga vettvangsferð um sunnanverða Vestfirði ásamt forstöðumanni Fornleifaverndar ríkisins, og Árna Johnsen, í tengslum við átak í ferðaþjónustu og atvinnumálum fyrir Tálknafjörð og Vesturbbyggð, þar sem skoðaðar voru minjar á svæðinu.

Önnur verkefni voru meðal annars:

- Vettvangsferð í Geirþjófsfjörð til að skoða friðlýstar minjar.
- Ferð að Þverá, Eyja og Miklaholtshreppi, til að gera nánari útekt á fornu þinghúsi sem heimamenn ætla að gera upp.
- Grafnir þrífuskurðir í Flókatóftir, Brjánlæk, til að meta aldur og umfang rústanna.
- Skráning á fornleifum í Selárdal fyrir Landbúnaðarráðneytið.
- Vettvangskonun á Grettislaug á Reykhólum vegna áhuga heimamanna á að gera hana upp.

Það var mikil breyting frá fyrri árum að búið er að ganga frá fjármálum minjavarða og búið að útvega þeim bifreiðar. Þetta gerir það að verkum að auðveldara verður að sinna þeim skyldum sem starfinu fylgja. Þar að auki er Stykkishólmsbær eina sveitarfélagið sem hefur



## Minjavörður Norðurlands vestra

Þór Hjaltalín

Skrifstofa minjavarðar var flutt á árinu frá Glaumbæ að Aðalgötu 2 á Sauðárkróki. Sveitarfélagið Skagafjörður leggur til skrifstofuhúsnæðið. Þann 22. september var gerð sú breyting á verkaskiptingu minjavarða að minjavörður Norðurlands vestra tók að sér að sinna báðum Ísafjarðarsýslum auk minjasvæðis Norðurlands vestra. Er þetta mikið svæði, en unnið er að því að fá sérstakan minjavörð fyrir Vestfirði.

Minjavörður veitti umsögn vegna mats á umhverfisáhrifum eða umhverfismatsskyldu á fimm stöðum, eins svæðis- skipulagsmáls, eins deiliskipulagsmáls auk nokkurra byggingarreita. Ýmiskonar smærri mál og eftirlit komu einnig til úrlausnar. Haldið var áfram að kanna ástand friðlýstra minja en úttektir voru gerðar á Ströndum, A-Húnavatnssýslu og í Austur- og Vesturdal í Skagafirði á samtals 11 stöðum.

Sem fyrr hafði minjavörður afskipti af gömlum húsum á svæðinu, bæði húsum í húsasafni Þjóðminjasafnsins og í einka- eign og umsögn vegna niðurrifs eins húss. Vakin var athygli menntamálaráðherra, með bréfi og greinargerð, á málefnum torfbæjarinnis á Tyrfingsstöðum á Kjálka og er málið nú til meðferðar í ráðuneytinu.

Björgunarrannsóknir Fornleifaverndar settu mikinn svip á starf sumarsins á Norðurlandi vestra og fengu mikla athygli fjölmiðla, en alls voru framkvæmdar þrjár slíkar rannsóknir á minjasvæðinu, á kumlateig í Keldudal, kirkjugarði og kirkju í Keldudal og kumli á Eyjólfsstöðum í Vatnsdal og er nú unnið að úrvinnslu þeirra.

Farið var af stað með menningarverkefni í A-Húnavatnssýslu í samstarfi við aðila á svæðinu undir heitinu *Á slóð Vatnsdælasögu* og var skrifuð greinargerð til kynningar á því. Verkefnið felst í því að kynna og gera aðgengilegar minjar í Þingum og í Vatnsdal, en í tengslum við

það veitti samgönguráðherra styrk til þess að halda úti staðarverði á Þingeyrum, sem starfaði þar yfir sumarmánuðina. Minjavörður sótti jafnframt um styrk í Nýsköpunarsjóð námsmanna til verkefnisins: *Til móts við söguna. Fornleifarrannsóknir á Hólum í Hjaltadal gerðar aðgengilegar fyrir börn*. Var kennaraneminn Sigrún Fossberg ráðin til starfans í samstarfi við Hólarannsóknina og vann hún að verkefninu yfir sumarið og skilaði af sér niðurstöðum og greinargerð í sumarlok. Unnið var töluvert að kynningarmálum á árinu, á minjum og starfssemi Fornleifaverndar, með erindum, leiðsögnum um minjasvæði, viðtölum og fundum með sveitarstjórnarmönnum, framkvæmdaraðilum og fleirum.

Skriftir af ýmsu tagi tóku mikinn tíma minjavarðar á árinu. Ber þar hæst þátttöku í ritröðinni *Kirkjur Íslands*, en nú er unnið að skrifum um Skagafjarðarprófastsdæmi. Einnig má nefna framlag minjavarðar til sýningarbókar Þjóðminjasafns Íslands í tengslum við opnun nýrra grunnsýninga, en grein um *Verslun á miðöldum* liggur nú fyrir í handriti.



## Minjavörður Norðurlands eystra Drjúgur Bergsteinsson

Starfsstöð minjavarðar Norðurlands eystra er á Minjasafninu á Akureyri í Aðalstræti 58, Akureyri. Skrifstofa minjavarðar með öllum búnaði er framlag Héraðsnefndar Eyjafjarðar til rekstursins. Minjavörður nýtur því góðs af bóka- og skjalasafni safnsins og þekkingu starfsmanna þess.

Eitt af hlutverkum minjavarðar er að hafa eftirlit með fornleifarannsóknum á sínu svæði. Einnig er Minjavörður Norðurlands eystra í vinnuhóp sem fer yfir umsóknir um rannsóknarleyfi á landinu öllu.

Eins og undanfarin ár voru fornleifarannsóknir á svæðinu margar. Fornleifastofnun Íslands ses. hefur þar átt stærstan hlut. Veitt voru leyfi fyrir 8 rannsóknum í Þingeyjarsýslu, sem allar voru á vegum Fornleifastofnunar Íslands ses og samstarfsaðila þeirra. Þá má geta þess að á árinu var stofnað Hið Þingeyska fornleifafélag, sem er ætlað að stuðla að rannsóknum á og upplýsingamiðlun um fornleifar í báðum Þingeyjarsýslunum.

Björgunarrannsóknir á svæðinu, sem Fornleifavernd stóð að voru á Reykjum í Ólafsfirði og í Siglufvík í Svalbarðsstrandarhreppi. Auk þess tók Minjavörður Norðurlands eystra þátt í björgunarrannsóknum á kirkju og kirkjugarði í Keldudal í Skagafirði, á kumli á Eyjólfsstöðum í Vatnsdal, og í forkönnun á rústum við Kárahnjúka.

Tilkynnt var um mannabein við bæinn Glerá á Akureyri í lok september. Í ljós kom að hin forni kirkjugarður á staðnum hafði verið stórskemmdur við vinnu í nærliggjandi malarnámu. Garðurinn var skráður og axlaði Akureyrarbær ábyrgð sína í málinu. Minjavörður samdi við bæinn um að bærinn stæði fyrir björgunarrannsókn næsta sumar.

Mikla athygli vakti fundur á leifum víkingaaldarkonu á við Afréttarskarð við Seyðisfjörð síðla sumars. Þar sem minjavörður Austurlands gat ekki sinnt verk-

efninu bað forstöðumaður Fornleifaverndar Minjavörð Norðurlands eystra um að kanna staðinn. Þar fundust nokkur bein og vel varðveitt skart, þar á meðal um 500 perlur. Drjúgur tími fór í að sinna þessum fundi. M.a. vann minjavörður ásamt starfsmönnum Fornleifaverndar á Suðurgötu að gerð sýningarskáps og margmiðlunarefnis, sem sýnt var í Þjóðminjasafni Íslands.

Haldið var áfram að kanna friðlýstar minjar, en minni tími gafst til þess í sumar heldur en undangengin ár. Farin var ferð í Bleiksmýrardal, með Þór Sigurðssyni safnverði, sem þekkir svæðið vel. Þar er að finna 3 friðlýsta staði í landi Reykja. Fleiri merkilegar minjar er að finna í dalnum, sem hugsanlega væri vert að friða.

Þá var farin ferð inn í Krókdal, en þar hafði verið tilkynnt um að fund á mannabeinum. Mannabeinin reyndust vera álfstarbein, en ferðin nýttist vel til að kanna rústir fornra býla í dalnum.

Minjavörður fjallaði um þrjú deiliskiplagsmál, eitt aðalskipulag og sex mál tengd umhverfismati. Auk þess kom minjavörður að skipulagi aðgengis og merkinga á minjum á þremur stöðum á svæðinu. Þá er minjavörður í samráðshóp um Gásaverkefnið, sem felst meðal annars í því að undirbúa skipulag fyrir aðgengi og sýningu á svæðinu.

Minjavörður gerði úttekt á tveimur húsum, vegna umsókna eigenda um niðurrif þeirra.

Undanfarin ár hafa minjaverðir Norðurlands eystra og vestra átt fundi með forsvarsmönnum Norðurlandsskóga, til að finna leiðir til að stuðla að því að fullt tillit sé tekið til minja við skipulag bændaskóganna. Í vor var haldið námskeið fyrir skógarbændur um umhverfismál og var minjavernd stór þáttur þess en báðir minjaverðirnir undirbyggju og lögðu efni til fundarins.





Næla fjallkonunnar

---

## Fjármál

Helsti munur milli ára 2003 og 2004 var að haustið 2003 voru unnar fornleifarannsóknir að Sómastaðagerði við Reyðarfjörð sem Fornleifavernd ríkisins var gert að láta framkvæma. Framlög frá ráðuneytum voru því hærri það ár af þeim sökum. Meginástæða hærri framlaga árið 2003 í liðnum önnur framlög var 800 þús. kr. stuðningur frá Byggðastofnun vegna skráningarverkefnis á landsbyggðinni. Launaliðir lækka milli ára þar sem árið 2003 var óvenjumargt starfsfólk hjá Fornleifavernd ríkisins vegna rannsókna Sómastaðagerðis. Af sömu orsökum lækkaði ferða og dvalakostnaður innanlands og erlendis frá 2003 til 2004.

### Rekstrarreikningur árið 2004

	2004	2003
<b>Tekjur</b>		
Sértekjur	17.720.631	19.403.481
	<u>17.720.631</u>	<u>19.403.481</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld	34.633.748	36.269.264
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.195.314	3.031.115
Funda- og ferðakostnaður	2.774.915	4.083.799
Aðkeypt sérfræðipjónusta	4.311.293	4.614.587
Rekstur tækja og áhalda	1.782.268	1.765.123
Annar rekstrarkostnaður	1.522.596	1.971.636
Húsnæðiskostnaður	4.022.702	4.836.785
Bifreiðarekstur	3.509.171	2.236.246
Tilfærslur	0	1.163.000
	<u>55.752.007</u>	<u>59.971.555</u>
Eignakaup	416.485	878.601
	<u>56.168.492</u>	<u>60.850.156</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>	(38.447.861)	(41.446.675)
Ríkisframlag	38.100.000	36.500.000
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>	<u>(347.861)</u>	<u>(4.946.675)</u>



Á Vestfjörðum

---

# Útgáfa og miðlun

## Útgáfa

Agnes Stefánsdóttir, Kristinn Magnússon, Magnús A. Sigurðsson: *Skráning fornleifa á jörðunum Húsum, Króki, Ríma, Skeiði og hluta jarðarinnar Selárdals í Selárdal við Arnarfjörð*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2004.

Hulda Sigurðís Þráinsdóttir, Kristinn Magnússon, Sigurður Bergsteinsson: *Forrannsókn á rústum sem fara munu undir vatn í Háslóni við Kárahnjúka í Norður Héraði*. Fylgirit: Magnús Á. Sigurgeirsson: *Fornleifarannsókn á meintu Reykjasesli við Jökulsá á Dal*. Gjóskugreining. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2004.

Kristinn Magnússon: *Tvær vettvangsferðir að Skálmholti í Villingaholtshreppi*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2004.

*Ársskýrsla Fornleifaverndar ríkisins 2002*.  
Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2004.

Agnes Stefánsdóttir, Kristinn Magnússon: *Úttekt á manngerðum hellum á Suðurlandi sumarið 2003*.  
Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2004.

Magnús A. Sigurðsson & Kristinn Magnússon: *Flókatóftir á Barðaströnd Prufurannsókn í september 2004*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2004.

Þór Hjaltalín and Ragnheiður Traustadóttir: "Lönggángen på Keldur – Arkeologin och den medeltida litteraturen". *Current Issues in Nordic Archaeology. Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists 6-9 September 2001 Akureyri Iceland*. (Reykjavík 2004), p. 193-196.

Þór Hjaltalín: „Vöruframboð og verslunartengsl. Viðskipti á miðöldum“. *Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. (Reykjavík 2004), p. 214-223.

Þór Hjaltalín: *Hof í Hjaltadal*. Textaskrif á skilti sem sett var upp á Hofi í Skagafirði. Ak. 2004.

## Fyrirlestrar

Kristín Huld Sigurðardóttir: Fornleifavernd og forvarsla kirkjugripa. Erindi flutt á málþingi um skráningu kirkjugripa í Eyjafjarðarprófastsdæmi. 3. mars 2004.

Kristín Huld Sigurðardóttir: Fornleifavernd og miðlun fornleifa. Erindi flutt á málþingi um miðlun fornleifa í Reykholti. 10. september 2007.

Þór Hjaltalín: Minjavernd á Norðurlandi vestra. Hús, fornleifar og gripir. Erindi flutt í fyrirlestraröð Náttúrustofu Norðurlands vestra og minjavarðar Norðurlands vestra, Saga, náttúra og menning, þann 10. feb. 2004.

Þór Hjaltalín: Preventive Archaeology in Iceland. Erindi flutt á EPAC-ráðstefnu í Vilnius 16. des. 2004.



Í Selárdal

---

## Starfsstöðvar og starfsfólk

---

Skrifstofur Fornleifaverndar ríkisins eru á á fimm stöðum: Reykjavík, Stykkishólmi, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum.

---

### **Forstöðumaður**

Kristín Huld Sigurðardóttir

#### **Lyngás 7 í Garðabæ**

Sími: 5556630, fax: 5556631

Netfang: [kristinhuld@fornleifavernd.is](mailto:kristinhuld@fornleifavernd.is)

### **Deildarstjóri umhverfismats**

Kristinn Magnússon

#### **Lyngás 7 í Garðabæ**

Sími: 5556634, fax: 5556631

Netfang: [kristinn@fornleifavernd.is](mailto:kristinn@fornleifavernd.is)

### **Deildarstjóri skipulagsmála**

Agnes Stefánsdóttir

#### **Lyngás 7 í Garðabæ**

Sími: 5556633, fax: 5556631

Netfang: [agnes@fornleifavernd.is](mailto:agnes@fornleifavernd.is)

### **Verkefnisstjóri minningarmarkaskráningar**

Gunnar Bollason

#### **Lyngás 7 í Garðabæ**

Sími: 5556632, fax: 555663

Netfang: [gunnar@fornleifavernd.is](mailto:gunnar@fornleifavernd.is)

### **Minjavörður Vesturlands og Vestfjarða**

Magnús A. Sigurðsson

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi

Sími: 4381880/8659942, fax: 4381705

Netfang: [magnus@fornleifavernd.is](mailto:magnus@fornleifavernd.is)

### **Minjavörður Norðurlands vestra**

Þór Hjaltalín

Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki

Sími: 453 6203/845 8510, fax: 453 7998

Netfang: [thor@fornleifavernd.is](mailto:thor@fornleifavernd.is)

### **Minjavörður Norðurlands eystra**

Sigurður Bergsteinsson

Aðalstræti 58, 600 Akureyri

Sími: 4621089/8659942, fax: 4612562

Netfang: [sigurdur@fornleifavernd.is](mailto:sigurdur@fornleifavernd.is)

### **Minjavörður Austurlands**

Hulda Sigurdís Þráinsdóttir

Laufskógum 1, 700 Egilsstaðir

Sími: 4711451/8641451, fax: 4711452

Netfang: [hulda@fornleifavernd.is](mailto:hulda@fornleifavernd.is)



---

Á ferðalagi um Vestfirði